

## Niðurstöður hefnagreininga 2023 (innan sviga niðurstöður ársins 2022)

	Fjöldi	PE g/kg	MLE% þe	HP g/kg þe	NDF g/kg þe	Sykur g/kg þe	AAT20 g/kg þe	PBV20 g/kg þe	NEL20 g/kg þe
<b>Fyrri sláttur alls</b>	<b>1007 (1086)</b>	<b>558 (522)</b>	<b>76,2 (76,6)</b>	<b>155 (150)</b>	<b>506 (505)</b>	<b>61 (62)</b>	<b>91 (91)</b>	<b>14 (9)</b>	<b>6,37 (6,35)</b>
Austurland	44 (53)	496 (494)	75,9 (76,1)	147 (150)	505 (508)	65 (61)	89 (90)	9 (12)	6,32 (6,23)
Norðurland	472 (521)	530 (477)	76,7 (76,3)	160 (153)	501 (508)	61 (58)	92 (91)	18 (13)	6,44 (6,33)
Suðurland	360 (384)	593 (576)	75,8 (77,1)	151 (146)	514 (501)	62 (67)	91 (91)	10 (4)	6,31 (6,38)
Vesturland	131 (128)	585 (552)	75,7 (76,7)	151 (148)	500 (500)	58 (64)	91 (91)	10 (7)	6,31 (6,42)
<b>Seinni sláttur alls</b>	<b>282 (270)</b>	<b>571 (556)</b>	<b>79,5 (78,7)</b>	<b>169 (164)</b>	<b>436 (448)</b>	<b>63 (63)</b>	<b>88 (86)</b>	<b>28 (26)</b>	<b>6,53 (6,45)</b>
Austurland	8 (10)	540 (563)	81,8 (78,0)	167 (162)	416 (459)	79 (65)	90 (86)	24 (25)	6,74 (6,41)
Norðurland	135 (142)	558 (491)	80,0 (78,6)	169 (173)	434 (444)	65 (58)	88 (86)	29 (36)	6,55 (6,42)
Suðurland	98 (89)	610 (641)	79,1 (76,0)	169 (150)	442 (452)	62 (70)	88 (87)	28 (12)	6,51 (6,47)
Vesturland	41 (29)	526 (607)	78,8 (78,4)	167 (160)	436 (455)	58 (64)	87 (87)	28 (22)	6,53 (6,52)

Steinefni g/kg þe	Ca	P	Mg	K	Na	S	Se µg/kg þe.
<b>Fyrri sláttur alls</b>	<b>3,96 (4,04)</b>	<b>2,89 (2,86)</b>	<b>2,38 (2,38)</b>	<b>18,8 (17,9)</b>	<b>1,27 (1,38)</b>	<b>2,28 (2,22)</b>	<b>371 (257)</b>
Austurland	3,98 (3,73)	2,70 (2,81)	2,32 (2,17)	19,1 (18,1)	0,92 (0,90)	2,11 (2,24)	1266 (226)
Norðurland	4,15 (4,20)	2,86 (3,01)	2,52 (2,49)	18,2 (18,2)	1,25 (1,30)	2,33 (2,28)	311 (280)
Suðurland	3,77 (3,78)	2,90 (2,69)	2,21 (2,25)	19,9 (18,0)	1,25 (1,45)	2,25 (2,12)	340 (244)
Vesturland	3,79 (4,31)	3,03 (2,82)	2,33 (2,41)	18,2 (15,7)	1,51 (1,73)	2,22 (2,27)	372 (213)
<b>Seinni sláttur alls</b>	<b>5,35 (5,02)</b>	<b>2,86 (3,08)</b>	<b>3,05 (2,91)</b>	<b>17,2 (17,7)</b>	<b>2,31 (2,18)</b>	<b>2,58 (2,59)</b>	<b>306 (193)</b>
Austurland	4,79 (5,09)	2,87 (2,75)	2,90 (2,87)	17,3 (17,9)	2,20 (1,90)	2,80 (2,36)	1201 (193)
Norðurland	5,08 (5,11)	2,79 (3,32)	3,01 (3,06)	17,3 (19,3)	2,16 (2,16)	2,57 (2,79)	244 (210)
Suðurland	5,43 (4,72)	2,99 (2,79)	3,05 (2,68)	18,1 (16,7)	2,29 (1,98)	2,52 (2,30)	318 (181)
Vesturland	6,12 (5,45)	2,83 (2,92)	3,22 (2,92)	14,7 (12,7)	2,86 (2,96)	2,69 (2,60)	308 (151)

PE: þurrefni, MLE: Meltanleiki lífræns efnis, HP: hráprótein, AAT: aminosýrur frásogaðar úr mjóginu, PBV: próteinjafnvægi í vömb, NEL: nettó orka til mjólkurframleiðslu

# Áburðaráætlanir

– Nokkrir punktar til að hafa í huga

Með nýju ári og hækkandi sól kemur að þeim tímapunkti þar sem bændur þurfa að huga að áburðarkaupum fyrir komandi vor og sumar.

Áburðarkaup eru stór kostnaðarliður í búrekstri og því mikilvægt að vanda sig við þau, kaupa réttu tegundirnar, ekki meira en þarf en samt nóg til að spara sér ekki til skaða. Í þessari grein verða nefnd nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við gerð áburðaráætlana.

## Fræðslufundur

Þriðjudaginn 16. janúar næstkomandi munu höfundar þessarar greinar halda fund á Teams um niðurstöður hefnagreininga 2023,

vinnu við áburðaráætlanir og gögn sem má nýta sér við gerð þeirra.

Þá verða m.a. rædd ítarlegar atriði sem nefnd eru í þessari grein ásamt fleiru. Fundurinn hefst kl. 11.00 og verður tengill fyrir fundinn á heimasíðu RML.

## Uppskeyra og heygæði

Með því að stilla saman væntingar til magns uppskeru og heygæða er gott að taka tillit til ólíkra eiginleika túna innan búsinns, ræktunarsögu þeirra og fyrirhugaðra nota svo hægt sé að ná markvissari nýtingu búfjár-áburðar og vali á hentugri tegund tilbúins áburðar.

Góð áburðaráætlun miðar að því að nýting þess áburðar sem



Baldur Örn Samúelsson.



Eiríkur Loftsson.



Sigurður Max Jónsson.

dreift verður á ræktarlandið verði sem best, en um leið að öflun hefningsins verði árangursrík og að hann uppfylli þarfir þess búfjár sem hann er ætlaður.

Almennar áburðarþarfir má áætla út frá töflugildum sem m.a. má finna á heimasíðu RML, en með

því að byggja áburðaráætlunina á gögnum sem gefa upplýsingar um eftirfarandi þætti fæst mun markvissari áætlun.

- Upplýsingar um grunnfrjósemi jarðvegs
- Áburðargjöf fyrri ára. Bæði tilbúins áburðar og búfjáráburðar
- Jarðvegssgerð
- Uppskeyra
- Heysýni
- Jarðvegssýni
- Efnagreiningar á búfjáráburði eða öðrum lífrænum áburði á búinu
- Endurræktunarsögu

Þessi gögn er hægt að vista inn í jörð.is og geyma þar í gagnagrunni sem er ávallt aðgengilegur.

Við gerð áburðaráætlana þarf að meta áburðarþarfir spildna með tilliti til uppskeruvæntinga og fyrirhugaðrar nýtingar hefnings. Til þess þarf að reyna að átta sig á því hversu mikið af næringarefnum verði fjarlægð með uppskeru og hvaða forða af þeim jarðvegurinn geymir. Inn í það spilar m.a. áburðargjöf undangenginna ára og ræktunarsaga spildunnar. Góð framræsla og heppilegt sýrustig hafa jákvæð áhrif á nýtingu þess áburðar sem borinn er á og einnig losun næringarefna úr jarðvegi og hafa með þeim hætti áhrif á áburðarþörfina.

## Sýnatökur

Regluleg sýnatöku úr heyjum, jarðvegi og búfjáráburði gefur góðar tölulegar upplýsingar um innihald næringarefnanna sem eru í hringrás innan búsinns.

Reynslan hefur sýnt að næringarefnainnihald búfjáráburðar á milli búa getur verið æði misjafnt og það sama má segja um hey- og jarðvegsefnagreiningar sem geta reyndar líka verið ólíkar innan búsinns sjálfs.

” Með þessum upplýsingum er hægt að stilla betur af áburðargjöf svo að einstök áburðarefni sem eru nauðsynleg til vaxtar og viðhalds plantna nýtist sem best og séu ekki notuð að óþörfu.“

Með þessum upplýsingum er hægt að stilla betur af áburðargjöf svo að einstök áburðarefni sem eru nauðsynleg til vaxtar og viðhalds plantna nýtist sem best og séu ekki notuð að óþörfu. Þar er helst að nefna fosfór og kalí. Með tíð og tíma geta þessi steinefni safnast upp í jarðvegi við áburðargjöf og þá getur nýting á þeim orðið léleg ef haldið er áfram að bera mikið á spildur sem eru þegar með mikinn forða í jarðvegi.

Oft er þetta tilfellið með gömul tún sem þurfa þá ekki mikla áburðargjöf af þessum steinefnum án þess að það komi niður á uppskeru. Á sama skapi ef jarðvegurinn er snauður af þessum steinefnum gæti uppskeran aukist töluvert ef bætt væri í áburðargjöf af þessum steinefnum því plönturnar þurfa nær alfarið að fá þau með áburðargjöf.

Oft og tíðum er forði fosfórs og kalís lítil í efsta jarðvegslaginu í nýræktun og nýlega ræktuðum tünnum og í þeim tilfellum duga hefðbundnir túnskammtar ekki til þess að uppfylla áburðarþörf sáðgresisins.

## Dreifing búfjáráburðar

Þegar fjallað er um áburðaráætlanir má ekki gleyma að um áætlun er að ræða og ekki endilega víst að allar forsendur standist þegar til kastanna kemur. Ekki er t.d. víst að dreifing búfjáráburðar verði eins og fyrirhugað var og þá er gott að geta brugðist við og uppfært áætlunina í samræmi við aðstæður.



## STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m<sup>2</sup>, 150m<sup>2</sup>, 250m<sup>2</sup> og 350m<sup>2</sup>

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Niðurstöður hefeyfnagreininga verða kynntar á fjarfundi þriðjudaginn 16. janúar kl. 11. Nánari upplýsingar má nálgast á vefnum rml.is. Mynd / RML

Síðast ber að nefna að jöfn dreifing búfjáraburðar og tilbúins áburðar er forsenda góðrar áburðar-nýtingar, aukin uppskera af svæðum sem fá áburð umfram áburðarþarfir vegur ekki upp minnkun uppskeru þar sem áburðargjöf er of lítil því í fæstum tilvikum fæst tvöföld uppskera þar sem áburðardreifing var tvöfalt meiri en ráðgert var með.

Þegar vorið kemur þá hefst sá þröngi gluggi sem bændur hafa til þess að koma áburðarefnum á sitt ræktarland svo bæði nýting áburðarefna og vaxtatímabilsins í heild verði sem best. Að lokum er það veðurfar sem hefur áhrif á sprettu og hve hröð nýting áburðarins verður fyrir komandi uppskerutíð.

#### Niðurstöður hefeyfnagreininga

Í töflu eru birtar niðurstöður hefeyfnagreininga ársins 2023. Til samanburðar (innan sviga) eru þar einnig niðurstöður frá 2022.

Taflan sýnir meðaltöl fyrir fyrri slátt annars vegar og seinni slátt hins vegar og í báðum tilvikum landsmeðaltal og meðaltöl landsfjórðunganna.

Vorið 2023 var víða blautt og tafði það jarðvinnslu og áburðargjöf talsvert víða á landinu. Jarðvegur var einnig kaldur af þessum sökum, spretta hæg og upptaka grasa á næringarefnum lítil. Á öðrum svæðum var tíðarfar hagstæðara og hófst sláttur þar með fyrra móti.

Mun á áferði má stundum sjá í niðurstöðum heysýna en þann mun er oft auðveldara að greina í niðurstöðum einstakra búa eða minni landsvæða en í landsmeðaltali

eða meðaltölum landsfjórðunga. Í þessum niðurstöðum má sjá að hey eru heldur þurrari árið 2023. Meltanleiki fyrri sláttar er minni 2023 en 2022 nema á Norðurlandi er hann litlu hærri. Meltanleiki annars sláttar er hærri í öllum landshlutum 2023. Prótein í heyjunum er að jafnaði meira árið 2023.

Kalsíum er lægst í fyrri slætti á Suður- og Vesturlandi en herra í seinni slætti en í öðrum landshlutum. Kalí er herra í fyrri slætti 2023 en árið á undan og er hækkun milli ára mest á Vesturlandi. Í seinni slætti er kalí í heyjunum einnig herra 2023 en 2022 á Suður- og Vesturlandi en lægra á austan og norðanverðu landinu.

Meðaltöl mælinga á selen vekja athygli. Meðaltöl ársins eru hærri í öllum landshlutum árið 2023 en árið 2022, fyrir báða slætti. Undanfarin ár hafa sést stöku mælingar á selen sem eru mjög háar en þannig tilvik eru fleiri en áður 2023. Þannig mælingar eru að koma fram í öllum landshlutum.

Háar mælingar sem þessar hafa meiri áhrif á meðaltalið þegar heildarfjöldi sýna er ekki mikill og þannig kemur fram mikill munur milli ára á tölunum fyrir Austurland. Ef styrkur selens er yfir 2.000 µg/kg þe í fódri þarf að hafa varann á sér varðandi selen eitrun með langvarandi gjöf (sérstaklega fyrir hross) en þegar við erum komin upp í 4.000–5.000 µg/kg þe er orðin töluverð hætta á selen eitrun (lélegur vöxtur og tap á hárum).

Höfundar eru ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

**Röggi ehf.** Smíðshöfða 12. 110 Reykjavík  
Sími 5868000 www.roggi.is  
verslun@roggi.is  
Þjónusta við lðnaðinn

Trésníðavélar, borvélar, Rennibekkir, loftpressur, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.  
Öll verð á heimasíðu www.roggi.is



## Deildafundir búgreina 12. - 13. febrúar 2024 Hótel Hilton Nordica Hefst klukkan 11

Skráning á bondi.is til fulltrúa fyrir búgreinar alifugla-, eggja-, garðyrkju-, geitfjár-, hrossa-, landeldis-, loðdýra- og svínadeildar er til **5. febrúar**

Sérkjör á gistingu er hægt að bóka til 15. janúar - hlekk má finna á bondi.is

Allar upplýsingar á bondi.is



UMSÓKNARFRESTUR er til og með 26.01.2024

### LEKTOR Í LANDSLAGSARKITEKTÚR

Laust er til umsóknar starf lektors í landslagsarkitektúr við deild Skipulags og hönnunar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

#### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- + Byggja upp og innleiða alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir á sviði landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða
- + Birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- + Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- + Leiðbeina nemendum í lokaverkefnum
- + Taka virkan þátt í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu náms í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum

#### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri  
- gudmunda@lbhi.is – 433 5000

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og hafa gert. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil sinn og störf, ritaskrá, skýrslu um vísindastörf og önnur störf sem þeir hafa unnið, kynningarbréf þar sem m.a. koma fram upplýsingar um rannsóknaráherslur og hugmyndir um kennsluáferðir/þróun þekkingarmiðlunar á sviðinu. Athygli er vakin á því að samkvæmt reglum LBHI er rektor heimilt að veita framgang í starf dósentis eða prófessors strax við nýráðningu ef umsækjandi uppfyllir viðkomandi hæfnisviðmið. Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Launakjör er skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Starfshlutfall er 100%

UMSÓKNARFRESTUR er til og með 19.01.2024

### STAÐA NÝDOKTORS

Staða nýdoktors er laus til umsóknar til að taka þátt í verkefni Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld, áskoranir, leiðir og ávinningur (Birkivíst). Verkefnið er styrkt af Markáætlun um samfélagslegar áskoranir. Um er að ræða ráðningu til 12 mánuða.

#### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- + Vinna við tölfraðileg spálíkön fyrir breytingar á kolefnisforða í jarðvegi við framvindu náttúrulegra birkiskóga
- + Ritun fræðigreina í samráði við aðra þátttakendur í verkefni
- + Þátttaka í verkefnafundum
- + Aðkoma að öðrum verkþáttum Birkivistar eftir þörfum

#### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri  
- gudmunda@lbhi.is – 433 5000

Ása Lovísa Aradóttir, prófessor – asa@lbhi.is – 433 5000

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Starfsstöð verður hjá Landbúnaðarháskóla Íslands að Árleyni 22 í Reykjavík. Með umsókn skulu fylgja kynningarbréf, starfsferilskrá auk upplýsinga um meðmælendur. Við ráðningu skal leggja fram staðfestingu á doktorsgráðu. Starfshlutfall er 100%

